

Fundargerð 100. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2024, mánudaginn 4. nóvember kl. 13:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Benedikt Traustason, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Steinþór Þórðarson.

Að auki sátu fundinn Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri, Sigríður Vilhjálmisdóttir, lögfræðingur og Gyða Einarsdóttir, sem einnig ritaði fundargerð.

Benedikt Traustason tilkynnti forföll fyrir fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 99. fundar - 2210013SA

Fundargerð 99. fundar Verkefnisstjórnar lögð fyrir fund til samþykktar.

Fundgerð 99. fundar samþykkt samhljóða.

2. Saman gegn sóun - 2404001SA

Umhverfisstofnun er að endurvekja Allan hringinn herferðina og í þetta skiptið verður áhersla á fyrirtæki. Skv. ESA Early Warning Report er skortur á hagrænum hvötum sem stuðlað geti að því að fyrirtæki noti í meira magni endurvinnanlegar umbúðir eða umbúðir úr endurunnu hráefni. Send verður út könnun á fyrirtæki til að kanna hvar elstu hindranir þeirra liggja. Við getum, ef við viljum, komið einni til tveim spurningum inn í þá könnun ef áhugi er á því.

Verkefnisstjórn telur að æskilegt geti verið að kanna sérstaklega hvort að fyrirtæki kaupi ráðgjafarþjónustu um úrgangsmál. Þá bendir verkefnisstjórn á að sveitarfélög hafi ekki aðkomu að hagrænum hvötum til fyrirtækja varðandi umbúðanotkun þeirra, eðlilegast sé að umræða um slíkar breytingar fari fram hjá Umhverfissráðuneyti og hagaðilum í viðskiptalífinu.

3. Rammasamningur - 2308026SA

Rammasamningur er nú í endurskoðun. Fjársýsla ríkisins vill vita hvort áhugi sé á aukinni aðkomu sveitarfélaganna í næstu útgáfu. Tilgreina þarf markmið nýja samningsins í byrjun nóvember og þá þarf að taka afstöðu til þess hvort bæta eigi við landsvæðum.

Sveinbjörn Ingi Grímsson frá Fjársýslu ríkisins kemur inn á fundinn undir þessum lið og segir stuttlega frá endurskoðun samnings og fundarfólki gefst tækifæri til að spyrja hann út í málið.

Sveinbjörn Ingi kynnti fyrirhugað rammisamningsútbod vegna úrgangspjónustu, tímalínu verkefnisins og mögulega aðkomu sveitarfélaga utan stór-Reykjavíkursvæðisins að útboðinu. Verkefnisstjórn ræddi möguleikann á að fulltrúi Fjársýslu ríkisins kynni fyrirhugað rammisamningsútbod fyrir starfsmönnum sveitarfélaga á fundi umhverfis- og loftlagshóps landshlutasamtaka og Byggðastofnunar þann 7. nóvember næstkomandi.

4. **Kostnaðarmatsverkefni - 2308026SA**

Kostnaðarmatskýrsla HLH vekur upp ýmsar spurningar um skráningu á magni, uppruna og tegund úrgangs, raunkostnaðarviðmið og skráningu kostnaði í bókhald sveitarfélaga. Einnig hafa vaknað spurning um fyrirkomulag söfnunar og þátttöku úrvinnslusjóðs í kostnaði við sérsöfnun og meðhöndlun úrgangs sem ber framlengda framleiðendaábyrgð. Það er einsýnt að skýrslan hefur vakið upp ýmsar spurninga og vangaveltur sem vert er að skoða nánar.

Málið rætt stuttlega og ákveðið að fresta frekari umfjöllun um þennan dagskrárlið en verkefnisstjórn mun funda sérstaklega um málið á vinnufundi vegna verkefnisins þann 2. desember n.k. kl. 10.00.

5. **ESA Early Warning Report - 2410024SA**

Von er á útgáfu Early Warning Report frá ESA um stöðu úrgangsmála á Íslandi (og í hinum EES löndunum). Þar eru tillögur að aðgerðum sem snerta sveitarfélög, eins og: að greina þarf betur þörfina fyrir innviði til að meðhöndla lífúrgangs og svo leggja þau til að farið verði í hagræn þvingunarúrræði gagnvart sveitarfélögum sem ekki ná að uppfylla sett markmið um endurvinnslu úrgangs á sínu svæði.

Verkefnisstjórn vekur athygli á því í tengslum við tillögur um upptöku hagrænna þvingunarúrræða að margt bendir til þess að markmið um 55% endurvinnslu heimilisúrgangs árið 2025 muni ekki nást nema lífrænn úrgangur verði endurunninn og enn vantar talsvert upp á að það sé gert alls staðar. Mögulega þurfi að kanna hvort að undanþáguákvæði geti átt við t.d. um lítil sveitarfélög og dreifðari byggðir þar sem innviðauppbygging væri kostnaðarsöm, eða að sveitarfélög komi sér í auknum mæli saman um lausnir. Leggur verkefnisstjórn áherslu á að styrkja þurfi samtalið um hvernig hægt sé að ná tölulegum markmiðum, bæði meðal sveitarfélaga og við Úrvinnslusjóð í kjölfar birtingu skýrslunnar og hyggur verkefnisstjórn á frekara samtal við URN, UST og Úrvinnslusjóð þegar skýrslan hefur verið birt.

6. **Starfshópur um endurskoðun laga um Úrvinnslusjóð - 2410023SA**

Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs kynntir starfshóp um endurskoðun laga um Úrvinnslusjóð.

Dagskrárliðnum frestað til næsta fundar.

7. **Innkaup sveitarfélaga vegna úrgangsstjórnunar - 2405011SA**

Sniðmát vegna útboða - vinnuhópur kynntir niðurstöður síns fundar og næstu skref.

Verkefnisstjórn fór yfir stöðu á vinnu við sniðmát vegna útboða en áætlað er að sniðmátin verði tilbúin til útgáfu fyrir lok nóvembermánaðar. Þá verði þau birt á

vef Sambandsins og auglýst í Tíðindum. Kannað verði með kynningu sniðmátanna samhliða kynningum á sniðmátum samþykktu sveitarfélaga í úrgangsmálum sem einnig er verið að endurskoða.

8. Sniðmát samþykktu - 2012018SA

Verið er að uppfæra Handbók um úrgangsstjórnun. Hefur Verkefnisstjórn athugasemdir við uppfært sniðmát fyrir samþykktum sveitarfélaga og/eða breytingartillögur sem gerðar eru?

Verkefnisstjórn fer almennt yfir fyrirkomulag á breytingum á sniðmátunum og verða þau lögð fyrir næsta fund verkefnisstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

9. Staða verkefna verkefnisstjórnar - 2210013SA

Staða verkefna Verkefnisstjórnar. Verkefnisstjórn taki afstöðu til stöðu verkefna sinna (lokið, í gangi) og forgangsröðun þeirra. Hluti af þeirri yfirferð er að meta hver þessara verkefna/viðfangsefna ættu að vera hluti af verkefninu CIRCLE of LIFE (2408013SA).

Lagður fram listi yfir verkefni Verkefnisstjórnar sem farið verður frekar yfir á næsta fundi.

10. Önnur mál - 2009111SA

Engin önnur mál tekin til umfjöllunar.

Fundi var slitið kl. 15:00

Jón Viggó Gunnarsson

Benedikt Traustason

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson

Steinþór Þórðarson